

Reifun á úrskurði nr. 8/2014

M kærði tollflokkun á rafal sem flokkaður hafði verið í 8511.5000. Kærandi taldi rafalinn frekar eiga undir tollskrárnúmer 8501.6100 þar sem rafalinn væri eingöngu ætlaður bátavélum. Því til stuðnings væru allar tengingar fljótandi tveggja póla. Þá hafi rafalinn jafnframt verið tilgreindur í því númeri á vörureikningi frá birgja.

Niðurstöður: Tollstjóri féllst ekki á að flokka rafalinn í vörulið 8501 þar sem þar flokkast rafalar sem tengjast ekki brunahreyfli. Umræddur rafal var aftur á móti rafal sem tengdist brunahreyfli í bát. Vísaði tollstjóri til túlkunarreglna 1 og 3.a og athugasemd 2 við kafla 85, en í athugasemdinni kom fram að í vörulið 8501 flokkist ekki vörur sem lýst er í vörulið 8511. Vöruliður 8511 tæki m.a. til rafræsibúnaðar fyrir brunahreyfla og rafala fyrir slíka hreyfla og skipti ekki máli í hvaða tæki hreyfillinn væri ætlaður. Var ákvörðun Tollstjóra því staðfest.